




Reykjavík, 10. mars 2026
USK25120350

Naustabryggja 36-56 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. mars 2026 var lögð fram fyrirspurn Ólafs I. Halldórssonar, dags. 27. desember 2026, um að setja tvo djúpgáma á lóð nr. 36-56 við Naustabryggju. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd þar sem skissuð er staðsetning djúpgáma.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin á já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyra lóðirnar og byggingarnar við Naustabryggju 36-56 borgarhluta 8. Grafarvogur og er hluti af íbúðarsvæði ÍB61 – Elliðaárvogur.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Í gildi er deiliskipulag Bryggjuhverfis við Grafarvog, samþykkt í borgarráði 8. júlí 1997 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsin á lóðum nr. 36-40 og 54-56 við Naustabryggju eru steinsteypt fjölbýlishús byggð árin 2005 og 2000. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á hvort heimilt sé að setja niður tvo djúpgáma undir almennt rusl og matarleifar á sameiginlegri bílastæðalóð húsanna.

Í Hönnunarviðmiðum um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík segir m.a. í kafla 5.1. **Gámar og djúpgámar:**

Kaup gáma, rekstur þeirra og framkvæmdir við gerð og frágang í kringum þá, hvort sem er kassi, gámur, lúga eða annar tengdur búnaður, skal vera á kostnað og ábyrgð lóðarhafa. Gámar skulu vera staðsettir á lóð viðkomandi fasteignar. Í undantekningartilfellum þar sem sýnt er fram á, með sérstökum rökstuðningi, að ekki sé unnt að staðsetja djúpgáma á lóð viðkomandi fasteignar er heimilt að staðsetja djúpgáma á sérstakri lóð sem er í tengslum við þá lóð sem fasteignin stendur á, svokallaðri fylgilóð. Ætíð skal vera sami eigandi á lóð undir djúpgáma og viðkomandi lóðar.

Þá segir í kafla 7. **Val á úrgangslausn** m.a.:

Ekki skal blanda saman mismunandi úrgangslausnum innan sömu lóðar, þ.e.a.s. djúpgámum og tunnum/kerum.



Reykjavík



Meðfylgjandi fyrirspurn má finna þessa yfirlitsmynd þar sem skissuð er staðsetning djúpgáma (svartur hringur) að hluta til utan lóðar.

Leitað var umsagnar skrifstofu umhverfisgæða vegna málsins. Í umsögn skrifstofu umhverfisgæða, dags. 23. febrúar 2026, kemur fram að færsla í djúpgáma þarf að ná yfir alla flokka úrgangs (matarleifar, pappír, plast og blandaðan úrgang). Við staðarval þarf að huga að góðri aðkomu og fjarlægðum í bíla. Mælt er með að eitt bílastæði sé autt milli gáma og bíla annars er hætta á að gámur geti rekist í bíl við losun. Djúpgámar skulu vera að öllu leyti niðurgrafnir og úr stáli.

Sömuleiðis var leitað umsagnar skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og við yfirferð erindis þykir líklegt að fækka þurfi bílastæðum á lóðinni til að koma þar fyrir djúpgámum.

Mannvirki er skilgreint í byggingarreglugerð undir skilgreiningum í 1.2.1. og djúpgámar eru þar undir. Skipulagsreglugerð gerir kröfu á deiliskipulag að skilgreina byggingarreiti undir mannvirki undir 5.3.2.1. Skv. deiliskipulagi er engin byggingarreitur á svæðinu sem tilgreint er í fyrirspurn og því er tekið neikvætt í erindið að svo stöddu.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist ekki deiliskipulagi.
- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi, á eigin kostnað, til að bæta við byggingarreit fyrir djúpgáma á bílastæðalóðinni við Naustabryggju 36-40 og 54-56. Ath. að byggingarreitur skal vera að fullu innan lóðar.
- Ath. að gámar og staðsetning þeirra innan lóðar skal vera í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík og Hönnunarviðmið um úrgangslausrir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku



tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðá Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík